

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykdæla, Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum og tengigjald kaldavatns- og fráveitna Þingeyjarsveitar.

1. gr.

Hitaveita Reykdæla og Hitaveita Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir orkuveitusvæði hitaveitnanna. Verð í gjaldskrá þessari er án virðisaukaskatts en virðisaukaskattur á húshitun og heimæðar hitaveitu er nú 11%. Á heimæðar kaldavatnsveitu leggst ekki virðisaukaskattur. Lesið er af mælum notenda í desember ár hvert með þeirri undantekningu að lesið er af mælum Laugafisks mánaðarlega.

2. gr.

Gjald fyrir afnot af hitaveituvatninu er sem hér segir:

a)	Fyrir vatn 56°C og heitara skv. mæli	71,06	kr. pr. m ³
b)	Fyrir vatn 51°C til 55°C skv. mæli	54,23	kr. pr. m ³
c)	Fyrir vatn 50°C og kaldara skv. mæli	41,12	kr. pr. m ³
d)	Orkugjald Laugafisks skv. mæli	43,01	kr. pr. m ³
e)	Orkugjald á nýttu framhjárennsli	28,44	kr. pr. m ³
f)	Sundlaugar einstaklinga	33,69	kr. pr. m ³
g)	Mælagjald	3.323	kr. pr. mánuð

Heimilt er að innheimta lokunargjald vegna vanskila eða misnotkunar. Hitaveitunni er einnig heimilt að setja búnað hjá notendum sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

Til að njóta sérstaks gjalds vegna vatns í sundlaugar einstaklinga skulu lagnir að þeim búnað sérstökum aukamæli.

Lífeyrisþegar njóta 30% afsláttar af rúmmetragjaldi sundlaugarvatns almennings.

3. gr.

Greitt er mánaðarlega samkvæmt áætlun sem miðuð er við álestur vegna notkunar og hitastigs árið á undan og spá um vatnsnotkun komandi árs. Þar til rennismælir hefur verið settur upp eða mælir bilar áætla veitan vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf viðkomandi húss. Mælisstærð er ákveðin af starfsmönnum hitaveitunnar.

4. gr.

Heimðargjald Hitaveitu Reykdæla og Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum og kaldavatnsveitna Þingeyjarsveitar skal vera 271.500 kr. fyrir eina heimæð og miðast verðið við að inntakið sé að hámarki 32 mm. Fari heimæðin umfram 100 metra greiðast 4.299 kr. fyrir hvern metra. Veitunum er heimilt að breyta heimðargjaldi þessu í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu. Gjald fyrir sérstaka hitaveitu með sérinntaki úr stofnlögn í útihús skal vera hið sama og almennt heimðargjald.

Þá skal innheimt T-gjald (tengigjald) þegar lagt er í hús utan skipulagðrar íbúðabyggðar sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið hefur skyldur samkvæmt samningi. T-gjaldið skal vera 195.443 kr. fyrir heitt vatn, 109.969 kr. fyrir kalt vatn og fyrir fráveitu 109.969 kr. Öll gjöld samkvæmt grein þessari skulu bundinn breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins hjá Hagstofu Íslands (249.102 kr./m² byggingarvísitala 100 stig desember 2021).

5. gr.

Innifalið í heimæðargjöldum er lögn frá stofnæð inn fyrir vegg með stofnloka, rennslismæli og inntaksloka við hann sem eru eign veitnanna. Aðrar lagnir og búnað húsgrindar og búnað vegna hitaveitu innanhúss leggur húseigandi til og eru því eign hans.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 8.032 kr.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 11. desember 2025, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1754/2024.

Þingeyjarsveit, 11. desember 2025.

Gerður Sigtryggisdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 29. desember 2025